



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
postur@fjr.is

Sent í Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 28. september 2020

Efni: Umsögn SI og SA um áform til frumvarps til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (saman nefnd „samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um ofangreind áform. Umsögn þessi tekur aðeins til þeirra áforma er varða lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 („vskl.“).

Samtökin hafa talað fyrir mikilvægi þess að framlengja átakið „*Allir vinna*“ út næsta ár hið minnsta og fagna því mjög þeim áformum að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIV í vskl. til og með 31. desember 2021. Átakið er mikilvægur liður í því m.a. að draga úr svartri atvinnustarfsemi og skapa jákvæða hvata til að eiga viðskipti við heilbrigð fyrirtæki og fagmenn. Átakið hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi í byggingar- og mannvirkjagerð og verið liður í því að verja störf á tímum heimsfaraldurs. Samtökin telja þó að endurskoða eigi ákveðna þætti átaksins samhliða framlengingu á úrræðinu.

Í fyrsta lagi ítreka samtökin mikilvægi þess að útvíkka endurgreiðsluheimildina með þeim hætti að hún nái einnig til virðisaukaskatts af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélaskrá, á byggingarstað. Jarðvinna er nú með öllu undanskilin heimildinni, sbr. c-lið 5. gr. reglugerðar nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Samtökin sjá hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti og skýtur það skökku við, ekki síst þegar horft er til þess að um tímabundið úrræði er að ræða. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað og sú vinna sem markar upphaf framkvæmda í kjölfar hönnunar. Með endurgreiðslunni er m.a. verið að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega út. Endurgreiðsluheimildin nær yfir allar starfsgreinar mannvirkjagerðar að einni undanskilinni. Verður því ekki betur séð en að hér sé um að ræða mismunun milli starfsgreina í einstaklega erfiðu og ófyrirsjáanlegu árferði. **Samtökin hvetja eindregið til þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að fella jarðvinnu undir endurgreiðsluheimildina.**



Í annan stað vekja samtökin athygli á því að í niðurlagi 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt er ráðherra eftirlátið að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum og húseiningum í reglugerð. Er það gert í 10. gr. reglugerðar nr. 440/1990 með áorðnum breytingum.

Samtökin telja ljóst að með umræddri reglugerðarheimild sé ráðherra falið að breyta skatti en samkvæmt 40. gr., sbr. 77. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal það ákveðið með lögum. Því telja samtökin þörf á endurskoðun umræddra reglna, m.a. með hliðsjón af reglum um vinnu manna á verkstað hér á landi og jafnræðissjónarmiðum þannig að endurgreiðslan nái einnig til vinnu manna á verkstæði.

Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum þegar drög að frumvarpi liggja fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Heiðrún B. Gísladóttir
Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði